

Reykjavík 8. mars 2021

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008
(kristinfræðikennsla). Þingskjal 141.

Frumvarpið leggur til að námsgreinin trúarbragðafræði verði kölluð „kristinfræði og trúarbragðafræði“ með það fyrir augum að auka veg kristinfræðikennslu í grunnskólum landsins.

Að okkar mati er ekkert óeðlilegt við að kristinfræði fái meira vægi en fræðsla um önnur trúarbrögð og lífsskoðanir. Kristni og kirkja hafa í gegnum aldirnar haft veigamikil áhrif á sögu og menningu þjóðarinnar og sama gildir um flestar aðrar vestrænar þjóðir. Erfitt getur reynst að ætla að gera öllum trúarbrögðum og lífsviðhorfum jafn hátt undir höfði í kennslu. Trúarbrögð eru fjölmörg og vægi þeirra í sögu og menningu heimsins er mismunandi. Í námskrá og kennslu á sér alltaf stað val um áherslur og vægi þeirra viðfangsefna sem fengist er við. Hér á landi hefur áherslan verið á að fræða nemendur um helstu trúarbrögð heims þ.e.a.s. þau sem eiga sér flesta fylgjendur og hafa haft mest áhrif í sögu og samtíð. Vegna áhrifa kristinnar á sögu og menningu þjóðarinnar hefur fræðsla um kristna trú jafnan haft meira vægi en fræðsla um önnur trúarbrögð og lífsviðhorf. Erfitt er að sjá að mismundi vægi ólíkra trúarbragða og lífsviðhorfa í kennslunni leiði af sér þröngsýni og fordóma. Mestu skiptir hvernig að kennslunni er staðið og full ástæða til að treysta kennurum til að gæta hlutleysis og sinna þessari grein af fagmennsku.

Þrátt fyrir að tilgangur með nafnbreytingu á greininni sé að auka vægi kristinnar í trúarbragðakennslunni er ekki sjálfgefið að nafnbreytingin ein og sér hafi þar tilætluð áhrif. Það sem ræður úrslitum eru annars vegar áherslur í aðalnámskrá grunnskóla og hins vegar sá tímafjöldi sem ætlaður er til kennslu í samfélagsgreinum. Trúarbragðafræðin í núgildandi aðalnámskrá er hluti samfélagsgreina. Sú breyting var gerð með aðalnámskrá grunnskóla frá 2011/2013 að bæði trúarbragðafræði, lífsleikni og fleiri greinar voru felldar undir samfélagsgreinar. Þessi breyting virðist hafa haft þau áhrif að staða kristinfræðikennslu í grunnskólum hefur versnað.

Færa má rök fyrir því að sá tímafjöldi sem ætlaður er til kennslu í samfélagsgreinum sé alltof lítill miðað við umfang þessara greina eins og þeim er lýst í aðalnámskrá grunnskóla. Undir

samfélagsgreinar falla námsgreinarnar saga, landafræði, þjóðfélagsfræði, heimspeki- og siðfræði, lífsleikni, jafnréttismál og trúarbragðafræði. Miðað við að samfélagsgreinum sé ætlað u.þ.b. 11,5 % af tímafjölda nemenda í grunnskólum er augljóst að erfitt getur reynst að gera öllum þessum námsgreinum góð skil þrátt fyrir góðan vilja kennara. Hættan er auk þess sú að minni námsgreinar eins og t.d. lífsleikni og trúarbragðafræði verði frekar útundan. Fari svo að kristinfræði og trúarbragðafræði fái lítinn sem engan tíma á stundatöflu nemenda er hætt við að þeir hafi litla þekkingu á þessu sviði við lok grunnskóla. Þekkt er að vanþekking er oft uppspretta þröngsýni og fordóma.

Benda má á að heiti þeirrar námsgreinar sem hér er til umræðu er með ýmsu móti á Norðurlöndunum. Í Danmörku heitir greinin Kristendomskundskap þrátt fyrir að undir hana falli fræðsla um bæði kristni og önnur helstu trúarbrögð og lífsviðhorf. Í Noregi hefur nafn greinarinnar tekið breytingum á síðustu rúmum tuttugu árum. Árið 1997 fékk greinin nafnið Kristendoms-, religions- og livssynskunnskap (KRL) en árið 2008 var nafninu breytt í Religion, livssyn og etikk (RLE). Árið 2015 var nafninu breytt eina ferðina enn í Kristindom, religion, livssyn og etikk (KRLE). Má því segja að sú breyting er í takt við það sem lagt er til í frumvarpinu sem hér er til umfjöllunar. Í Svíþjóð hefur greinin heitið Religionskundskap um áratugaskeið og er þar bæði fjallað um kristna trú og önnur helstu trúarbrögð og lífsviðhorf.

Af framansögðu er ljóst að við tökum undir það sjónarmið frumvarpsins að auka veg kristinfræðikennslu í grunnskólum. Fræðsla um kristni þarf að vera vönduð og fagleg, eins og á reyndar almennt við um fræðslu um trúarbrögð og lífsviðhorf.

Virðingarfyllt,

Gunnar J. Gunnarsson, prófessor emeritus í trúarbragðafræði og trúarbragðakennslu við menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Birgitta Thorsteinson, grunnskólakennari við Ártúnsskóla og fyrrverandi formaður Félags kennara í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræðum.